


Umhverfismál

Frá árinu 2012 hefur verið unnið eftir umhverfisstefnu og starfsáætlun umhverfismála á Landspítala. Árið 2016 setti spítalinn sér að auki loftslagsmarkmið til ársins 2020 með metnaðarfullum markmiðum um að draga úr losun CO₂ um 40% á tímabilinu. Með grænu bókhaldi Landspítala er fylgst með uppfyllingu markmiða í starfsáætlun umhverfismála og loftslagsmarkmiðum.


Grænt bókhald Landspítala er efnisbókhald með tölulegum upplýsingum um hvernig umhverfismálum er háttað í starfseminni. Þar eru reiknaðar út ýmsar lykiltölur sem eru samanburðarhæfar og setja umhverfismálin í skýrara samhengi, svo sem endurvinnsluhlutfall, orkunotkun, pappírnotkun og kolefnisspor. Hér má sjá nokkrar tölur úr græna bókhaldinu sem varpa ljósi á þau fjölbættu umhverfisáhrif sem starfsemi Landspítala hefur í för með sér.

Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (GHL) vegna starfseminnar. Í útreikningunum er reiknað með helstu þáttum sem valda losuninni. GHL eru misöflugar, til dæmis veldur eitt tonn af glaðlofti (N₂O) 300 sinnum meiri gróðurhúsaáhrifum en koltvísýringur (CO₂).

Kolefnissporið minnkar á milli ára, eða um 2%. Sé úrgangurinn tekinn með minnkar kolefnissporið um 7% á milli ára.




Kolefnisspor Landspítala flokkað eftir uppsprettum Umfang 1, 2 og 3* (tonn CO₂ ígildi/stöðugildi)





*Umfang 1 Bein áhrif - eigið húsnæði og rekstur og farartæki fyrirtækisins
Umfang 2 Óbein áhrif vegna hitunar og rafmagns
Umfang 3 Óbein áhrif - losun utan fyrirtækisins, s.s. aðkeyptur flutningur, flugferðir starfsmanna, losun vegna úrgangs og vegna ferða starfsmanna til og frá vinnu.

Afdrif úrgangs frá Landspítala árin 2012 - 2016



Nokkrar grænar lykiltölur og árangur ársins 2016

- **Losun koltvísýrings (CO₂)** vegna starfsemi Landspítala árið 2016 var **3.911** tonn sem er á við árlega meðallosun **1.164** fólksbíla á ári (var á við 1.191 fólksbíl árið 2015). Samdrátturinn nemur árlegum akstri 27 bíla. **Samdráttur hefur verið í losun síðan 2013 eða um 9%.**
 - **Úrgangur** frá Landspítala árið 2016 jókst, sem einkum má rekja til aukinna framkvæmda. Þrátt fyrir það **náðist endurvinnslumarkmið spítalans 30%. Daglega eru send til endurvinnslu 1,2 tonn úrgangs.** Á árinu var plastflokkun innleidd á öllum starfsstöðvum sem leiddi til þröföldunar á magni plasts til endurvinnslu.
 - **Tíu stærstu starfsstöðvar Landspítala fengu „Hjólavottun – silfur“** eftir úttekt óháðs aðila. Metin var m.a. aðstaða fyrir starfsmenn og gesti, stefnumótun spítalans, þátttaka starfsmanna og samgöngusamningar. Framkvæmd var ferðavenjukönnun á árinu sem sýndi að **starfsmenn spítalans ferðast oftast með vistvænum hætti en íbúar almennt á höfuðborgarsvæðinu** (sbr. könnun Vegagerðar 2014). Virkni starfsmanna er ekki í samræmi við þátttöku þeirra í samgöngusamningi. Sé sumarið skoðað segjast í könnuninni um 40% starfsmanna ferðast oftast með vistvænum hætti eru einungis 21% þeirra eru á samgöngusamningi.
 - Þvottahúsið hugar bæði að gæðum og umhverfismálum. **Allt lín er vottað með Öko-tex 100** (án hættulegra efna) og **13% er umhverfismerkt** (Blómið).
 - Á árinu gerðist Landspítali aðili að samtökunum „**Nordic Center for Sustainable Healthcare**“ og „**Health Care without Harm**“, sem gefa spítalanum aðgang að viðtæku neti sérfræðinga og verkfæra sem nýtist vel í starfi spítalans að umhverfismálum og samfélags ábyrgð.
- 

- **Minna einnota.** Á árinu var hætt innkaupum á frauðglösum og verkefni hófst um að minnka bekkjarpappír og skóhlífar. Pappírspotkun dróst saman um 16% sem dró úr kostnaði um 1,3 milljón. Árið 2016 voru notuð 7,3 kg pappírs/stöðugildi í stað 9,2 kg/stöðugildi árið 2015. Í Blóðbanka var komið á endurnotkunarkerfi fyrir frauðkassa og kæligel sem áður var hent.
 - Árið 2016 voru sett **umhverfisskilyrði** í 13 útboðum og gerðar 11 vistvænar verðfyrirspurnir á vegum Landspítala. Nú verða til dæmis engir skoðunarhanskar með PVC og latex. Ræstipjónusta er nú orðin 100% umhverfismerkt.
 - 2016 var stofnuð facebooksíðan „Umhverfismál Landspítala“ sem hefur verið mjög virk með um 200 færslum á ári og 570 starfsmönnum. Nánar má lesa um umhverfismál á Landspítala hér <http://www.landspitali.is/umhverfismal>.